

BORGARRÁÐ 30. janúar 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um pólitíska ábyrgð gagnvart kjarasamningum Eflingar - R200100346

Lagt er til að borgarstjórn hætti að varpa frá sér pólitískri ábyrgð á kjarasamningsgerð og mæti samninganefnd Eflingar stéttarfélags eins og þau hafa krafist. Kjörnir fulltrúar geta ekki varpað ábyrgðinni yfir á samninganefnd Reykjavíkurborgar. Í ljósi þess að meirihluti borgarstarfsfólks í Eflingu hefur nú samþykkt verkfall, sem er gríðarleg stuðnings yfirlýsing við samninganefnd Eflingar, er eðlilegt að borgarstjórn bregðist við kröfum þeirra og mæti þeim á þeim vettvangi sem þau kjósa.

Greinargerð:

Nýlega sendi samninganefnd Eflingar stéttarfélags opið bréf til borgarstjórans, Dags B. Eggertssonar, þar sem þau buðu honum til opins samninganefndar vegna lausra kjarasamninga. Borgarstjórn og borgarstjórnarmeirihlutinn varð ekki við því boði en eðlilegt er að sú stjórn komi með virkari hætti að kjarasamningsgerð.

Hér má sjá brot úr því sem samninganefnd Eflingar sendi í opnu bréfi sínu til borgarstjóra: „Við viljum að þú, æðsti yfirmaður starfsmanna borgarinnar, horfist í augu við okkur og hlustir á okkur. Við viljum að þú meðtakir mikilvægar staðreyndir um störfín okkar, um launakjörin okkar og aðstæðurnar sem við búum við.“ Þar stóð einnig: „Við krefjumst þess að þú leiðréttir þá vanvirðingu sem Reykjavíkurborg hefur sýnt okkur. Það er í valdi þínu og borgarstjórnarmeirihlutans að gera það.“